

Áhrif COVID-19 á störf og vinnuaðstæður hjá starfsfólki Háskóla Íslands

- seinni fyrirlögn -





HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Ellen Dröfn Gunnarsdóttir

Kristín Erla Harðardóttir

Mars 2021

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Gögn og aðferðir	5
2.1. Gagnasíun	6
3. Niðurstöður	6
3.1. Bakgrunnur	6
3.2. Samræming vinnu og einkalífs.....	7
3.2.1. Heimavinna.....	7
3.2.2. Aðstæður heima fyrir og álag.....	9
3.3. Rannsóknir	12
3.4. Kennsla.....	13
3.4.1. Áhrif COVID-19 á kennslu.....	13
3.4.2. Rafrænar lausnir í kennslu og tæknaaðstoð.....	14
3.4.3. Framtíðaráhrif breyttra kennsluhátta	16
3.4.4. Nýnemar	17
3.5. Ráðstefnur	17
3.6. Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum	19
3.7. Opin svör um nýjar áskoranir og athugasemdir	20
3.7.1. Nýjar áskoranir í starfi	20
3.7.2. Frekari athugasemdir frá þátttakendum.....	23
4. Samantekt.....	24

Myndir

Mynd 1. Fjöldi svarenda eftir sviðum á haust- og vormisseri.	7
Mynd 2. Ástæður fyrir heimavinnu.....	8
Mynd 3. Umönnun barna.....	9
Mynd 4. Heimavinna.	10
Mynd 5. Álag í starfi.	11
Mynd 6. Áhrif COVID-19 á rannsóknir.	13
Mynd 7. Áhrif COVID-19 á kennslu.	14
Mynd 8. Aðstoð við Tæknimál.	16
Mynd 9. Framtíðaráhrif COVID-19 á kennslu.	17
Mynd 10. Þátttaka í ráðstefnum.	18
Mynd 11. Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum.....	20
Mynd 12. Nýjar áskoranir í starfi.....	21

1. Inngangur

Haustmisseri 2020 var annað misseri þar sem COVID-19 faraldurinn hafði afgerandi áhrif á starfsemi Háskóla Íslands. Síðan fyrsta samkomubannið var sett á 16. mars 2020 hefur kennsla nánast alfarið verið á netinu og stór hluti starfsfólks unnið heima að einhverju leyti. Áframhaldandi viðmið um sóttvarnarhólf voru gildandi á haustmisseri en þó voru lengri tímabil á haustmisseri þar sem fleiri máttu koma saman miðað við vormisseri. Þann 10. desember 2020 sendi Menntavísindastofnun Háskóla Íslands út spurningakönnun til alls starfsfólks HÍ í þeim tilgangi að kanna áhrif samkomubannsins á störf og vinnuaðstæður á haustmisseri og gera samanburð við vormisseri. Eins og í fyrri könnun var lögð áhersla á að kanna sæmraemingu einkalífs og atvinnu, álag, vinnuaðstæður, rannsóknarvinnu og kennslu. Í þessari skýrslu verður gert grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar.

Eftirtektarverðar niðurstöður

- Á haustmisseri gekk heimavinna jafn vel hjá barnafólki og barnlausum, ólíkt því sem var á vormisseri
- 55% starfsfólks vann alfarið eða að mestu heima á haustmisseri miðað við 90% á vormisseri og margir telja heimavinnu góðan valkost
- 45% þátttakenda sögðu að álag hafi aukist á haustmisseri miðað við vormisseri
- Meirihluti svarenda hafði farið á rafrænar ráðstefnur og 72% sögðu að upplifun af þeim hafi verið mjög eða nokkuð góð
- Á vormisseri sögðu 80% svarenda að kennsla hafi farið alfarið fram á netinu, en 30% á haustmisseri
- Mikið álag var á kennara vegna fjarkennslu, bæði í tengslum við að læra á nýjan búnað og að halda nemendum við efnið
- Kennarar upplifðu erfiðari og flóknari samskipti við nemendur og töldu að nemendur væru undir auknu andlegu álagi

2. Gögn og aðferðir

Könnunin var send í tölvupósti á 1586 starfsmenn HÍ þann 10. desember 2020. Alls bárust 738 svör sem gerir 47% svarhlutfall. Samtals voru 53 spurningar í könnuninni, en sumar spurningar beindust að kennslu og rannsóknum sérstaklega og því þurftu starfsmenn sem ekki fást við kennslu eða rannsóknir eingöngu að svara hluta spurninganna. Fjöldi svarenda við hverri spurningu var því breytilegur. Könnunin var send út í forritinu Qualtrics. Úrvinnsla svara fór fram í tölfræðiforritinu R, Excel og SPSS. Gögn úr könnun sem send var á vormisseri 2020

til starfsfólks Háskóla Íslands eru notuð til samanburðar í þessari skýrslu, sem er aðgengileg á heimasíðu Menntavísindastofnunar (Ellen Dröfn Gunnarsdóttir og Kristín Harðardóttir, 2020).


2.1. Gagnasíun

Spurt var hvar þátttakendur störfuðu innan HÍ í fjölvalsspurningu. Ef þátttakendur hökuðu við fleiri en eitt svið voru þeir settir í sér flokk („blandað“). Sama máli gegndi um þá sem hökuðu við fleiri en einn valmöguleika í fjölvalsspurningunni: „hvert er starf þitt“ (ef þátttakandi hakaði til dæmis við „ég er aðjúntkt II“ og „ég starfa í stjórnsýslu“). Þegar svör voru grein eftir sviði innan Háskólans og starfi, voru þeir sem voru í blönduðum flokkum ekki með í útreikningum. Heildarfjöldi svara fyrir hverja spurningu var notaður til að reikna hlutfall svara fyrir hvern svarmöguleika, en heildarfjöldinn var ekki alltaf sá sami.

3. Niðurstöður

3.1. Bakgrunnur

Um 20% svarenda störfuðu á Heilbrigðisvísindasviði (HVS, n=146), 16% á Verkfræði- og náttúruvísindasviði (VoN, n=120) annars vegar og á Menntavísindasviði hins vegar (MVS, n=116), 14% á Félagsvísindasviði (FVS, n=103) og 12% (n=91) á Hugvísindasviði (HUG). Hlutfall svarenda í miðlægri stjórnsýslu var 20% (n=145) og 0,7% (n=5) á Raunvísindastofnun. Á mynd 1 má sjá földa svarenda á haust- og vormisseri. Þegar svör voru greind eftir sviðum voru þeir sem hökuðu við fleiri en eitt síðir frá (alls 22 svarendur) eins og lýst var í kafla 2.1.



Mynd 1. Fjöldi svarenda eftir sviðum á haust- og vormisseri.

Dökku súlurnar sýna fjölda svarenda á haustmísseri 2020 og ljósu súlurnar sýna fjölda svarenda á vormísseri 2020.

Eftir gagnasíun sem lýst er í kafla 2.1 voru 39% (n=285) svarenda fastráðnir akademískir starfsmenn og 35% (n=259) í stoðþjónustu eða stjórnsýslu. Tæplega 20% svarenda voru aðjúnktar, nýdoktorar eða doktorsnemar á samningi (n=60, n=27, n=59). Konur voru 60% svarenda (n=444), karlar 36% (n=265), annað kyn 0,5% (n=4) og 25 svöruðu ekki spurningu um kyn. Flestir þátttakendur voru eldri en 40 ára (75%, n=535). Svarendur voru flestir í 100% starfi (77%, n=550) og 16% (n=111) í rúmlega 50% starfi.


3.2. Samræming vinnu og einkalífs

Á vormísseri 2020 vann helmingur starfsfólks háskólans alfarið heima og fylgdu því ýmsar áskoranir, sérstaklega fyrir barnafólk (Ellen Dröfn Gunnarsdóttir og Kristín Harðardóttir, 2020). Sá meginmunur var á vor- og haustmísseri að skólar og leikskólar voru mun meira opnir á haustmísseri, og því minna álag á barnafólk hvað heimavinnuna varðaði. Í þessum kafla verður farið yfir samræmingu vinnu og einkalífs og niðurstöður bornar saman við niðurstöður frá könnun á vormísseri.

3.2.1. Heimavinna

Helmingur starfsfólks sagðist vinna alfarið heima á vormísseri, en þetta hlutfall lækkaði niður í 19% á haustmísseri (n=135). Um 35% sögðust vinna að mestu heima (n=242) svo 55%

starfsfólks vinnur enn alfarið eða að mestu leyti heima. Um 19% sögðust vinna helming tímans heima og helming á vinnustað (n=137) og aðeins 8% (n=57) vann alfarið á vinnustað á haustmisseri. Á mynd 2 má sjá að ástæðan fyrir því að fólk vann heima á haustmisseri tengdist mest skipulagi á vinnustað og meiri vinnufriði, en 254 þátttakendur hökuðu við „annað“ og gerðu nánar grein fyrir ástæðum í textasvörum.




Mynd 2. Ástæður fyrir heimavinnu.

Hver er helsta ástæðan fyrir því að þú vinnur heima? X-ás sýnir fjölda svarenda; spurningin var fjölvalsspurning svo samanlagður fjöldi svarenda er meiri en heildarfjöldi þátttakenda.

Í textasvörum þar sem þátttakendur lýstu öðrum ástæðum fyrir heimavinnu nefndu flestir atriði sem tengdust skipulagi á vinnustað (n=77) og sóttvörnum/smithættu (n=65). Þættir sem tengdust skipulagi voru aðallega tilmæli/fyrirmæli frá stjórnendum/yfirvöldum um að vera heima, mismunandi útfærslur á sóttvarnarhólfum á vinnustað, lokun húsnæðis og opin rými á vinnustað. Þar sem fjarfundir eru nánast daglegt brauð á var oft nefnt að ónæði myndist í opnu rými í kringum fjarfundi þar sem ekki er hægt að færa sig í lokað rými. Þættir sem tengdust sóttvörnum/smithættu voru aðallega að draga úr smithættu (ótti við að smitast), öryggi, samfélagsleg ábyrgð og sumir treystu því ekki að samstarfsfélagar og/eða nemendur færu eftir sóttvarnarreglum á vinnustað þar sem rými er deilt, til dæmis kaffistofu eða salerni. Margir nefndu einnig að eiga ættingja í áhættuhópi eða vera í áhættuhópi. Að auki var nefnt að heimavinna er þægilegur kostur og tími sparast þar sem ekki þarf að eyða tíma í samgöngur.

3.2.2. Aðstæður heima fyrir og álag

Langflestir þátttakendur voru í sambúð (83%, n=587) og 63% voru með börn á heimilinu (n=379). Á mynd 3 má sjá að tíminn sem fór í umönnun barna á haustmisseri 2020 var líkari því sem var fyrir COVID-19 faraldurinn. Á vormisseri 2020 sögðust um 30% svarenda hafa varið yfir 6 klukkustundum á dag í umönnun barna, en undir 10% á haustmisseri 2020. Þetta má skýra með minni áhrifum COVID-19 faraldursins á skólafsemi á haustmánuðum miðað við vormánuði 2020. Skólar og leikskólar voru meira opnir og því fóru færri klukkustundir í umönnun barna á haustmisseri eins og mynd 3 sýnir.




Mynd 3. Umönnun barna.

Hvað hefur farið mikill tími í klukkustundum í umönnun/aðstoð barns/barna daglega að meðaltali þá daga sem þú ert ekki í fríi á haustmisseri 2020?

Í fyrri könnun var töluverður munur á barnafólki og barnlausu fólki þegar spurt var hvernig heimavinnan gekk. Þessi munur minnkaði á haustmisseri, líklegast vegna ofantalinna ástæðna. Sárálitill munur er á barnafólki og barnlausu, en aðeins hærra hlutfall barnafólks


sagðist hafa gengið mun eða nokkuð betur að vinna heima miðað við barnlaust eins og sjá má á mynd 4.



Mynd 4. Heimavinna.

Hvernig gekk að vinna heima á haustmisseri miðað við vormisseri?

Ennfremur var enginn munur á barnafólki og barnlausum hvað varðar álag í starfi á haustmisseri miðað við vormisseri. Um 45% barnafólks og barnlausra sagði að álag hefði aukist en aðeins 8% að álag hefði minnkað. Um 42% allra sögðu að álag hefði verið svipað og á vormisseri. Hins vegar var munur á álagi hjá starfsfólki í stjórnslu og akademísku starfsfólki, en 51% akademísku starfsfólks sagði að álagið hefði aukist á móti 34% starfsfólks í stjórnslu eins og sjá má á mynd 5. Þetta er meiri munur en var á vormisseri þegar spurt var hvort álag hafi aukist í starfi miðað við áður en COVID-19 faraldurinn hófst, en þá svaraði 46% akademísku starfsfólks því játandi á móti 37% starfsfólks í stjórnslu. Á vormisseri voru fleiri sem sögðust finna fyrir minna álagi (20% í stjórnslu og 11% í akademísku starfi). Í heildina virðist álag því hafa aukist frá vormisseri til haustmisseris, sérstaklega hjá akademísku starfsfólki.



Mynd 5. Álag í starfi.

Hefur álag í starfi þínu breyst á haustmisseri 2020 samanborið við vormisseri 2020?

Í fyrri könnun kom í ljós að aðstæður til heimavinnu fyrir voru mjög mismunandi hjá starfsfólki. Þriðjungur starfsfólks var ekki með herbergi þar sem það gat lokað að sér og fengið vinnufrið og fjórðungur sagðist ekki vera með viðunandi búnað heima til heimavinnu. Þegar spurt var hvort starfsfólk hafi fengið aukinn stuðning með búnað til heimavinnu á haustmisseri svöruðu 85% (n=546) því neitandi og 13% (n=82) játandi, svo ljóst er að þorri starfsfólks telur enn vera skort á stuðningi á búnaði fyrir heimavinnu.

Í lok könnunarinnar fengu þátttakendur tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum í eigin orðum og notfærðu 131 þátttakandi sér það (sjá nánar í kafla 3.7.2). Þar kom margt áhugavert í ljós varðandi heimavinnuna. Margir nefndu að heimavinna væri mjög góður kostur vegna þess hversu tímasparandi hún er (enginn tími sem fer í ferðir á vinnustað), að það sé góð tilbreyting, heima er meiri vinnufriður og gerir samræmingu vinnu og einkalífs auðveldari:

Vona að sá sveigjanleiki sem felst í því að hafa möguleikann á að vinna heima (fjarvinna) sé komin til að vera. Í sumum tilfellum er meira næði til að vinna verkefni og eins ef mikið er um fjarfundi þá er betra að vinna heima. Fjarvinnan færir manni þá tilfinningu að maður nái betur að sameina vinnu og heimili sem er æðislegt!

Aðrir sögðu: „Ég vona að starfsfólki verði gefið tækifæri til að velja heimavinnu í auknum mæli eftir að faraldrinum lýkur, til dæmis til að koma betur til móts við samþættingu við það að sinna fjölskyldu, minnka tíma í umferð og auka sveigjanleika“ og „mér finnst mjög gott að vinna heima og ég afkasta mun meira en á vinnustað.“

En skilin á milli vinnu og einkalífs voru líka óljósari en áður þegar vinnan færðist heim:


Það gekk vel að vinna, hins vegar tók vinnan algjörlega yfir heimilislífið. Þar af leiðandi þó svo að vinnan sjálf gekk vel þá hafði það ekki góð áhrif á líf mitt, þar sem líf mitt hefur meira og minna snúist bara um vinnuna núna í seinni bylgju. Erfitt að gera greinarmun á „vinnu“ og „heima“ á þessum tímum.

Ennfremur töldu nokkrir vera skort á góðum búnaði heima fyrir: „Það mætti vera stuðningur með tækjakaup heim. Tölvan mín er orðin gömul og léleg en ég kemst ekki upp með það mikið lengur að vinna að heiman án þess að leggja út í kostnað sem ég hefði ekki þurft að fara úti fyrir covid...“ og annar þátttakandi sagði: „er með lélega vinnuaðstöðu heima, mætti bjóða fólki að fá rétt tæki heim.“

3.3. Rannsóknir

Um 60% (n=408) svarenda svöruðu því játandi að rannsóknarvinna væri hluti af starfi þeirra. Á vormisseri sögðu 44% barnafólks að lokun háskólans í samkomubanni hefði mjög mikil eða frekar mikil áhrif á rannsóknarvinnu þeirra. Þetta hafði breyst á haustmisseri, aðeins 22% (n=26) barnafólks sagði að umönnun barna hefði áhrif á rannsóknarvinnu. Það rímar við það sem áður hefur komið fram að umönnun barna á haustmisseri hafði ekki eins mikil áhrif á störf eins og á vormisseri.

Á mynd 6 má sjá að COVID-19 faraldurinn hafði mest áhrif á miðlun rannsókna sökum ferðatakmarkana (63%-74% svarenda á mismunandi sviðum hökuðu við það) og að rannsóknarvinnu seinkaði (60%-78%). Um 45%-67% sögðu að ástandið hefði áhrif á alþjóðlegt samstarf (mest á VoN og FVS, minnst á HVS) og á aðgengi að rannsóknarvettvangi (mest á MVS sem er í miklum tengslum við skólana). Lítil hluti svarenda taldi ástandið hafa áhrif á styrkjamöguleika en það er áhugavert að um 10% sögðu það hafa gefið **aukið** svigrúm til rannsókna (minnst á HVS).



Mynd 6. Áhrif COVID-19 á rannsóknir.


Hvaða áhrif hefur ástandið vegna COVID-19 haft á rannsóknir þínar á haustmisseri 2020?

Þegar spurt var í opinni spurningu hvaða aðra þætti COVID-19 hafði áhrif á, var 51 sem svaraði. Flestir af þeim (n=22) sögðu að lítil tími gæfist til rannsókna sökum aukins álags í kennslu: „Mikill tími farið í að setja upp námskeið og læra á ný kerfi/tækni“, „Aðal vinnan hefur farið í að breyta kennslu og því miður allt of lítið í rannsóknum“ og „Mikill tími hefur farið í skipulag, utanumhald og upplýsingagjöf til nemenda og samkennara, tími sem annars hefði verið hægt að nýta til rannsókna.“

3.4. Kennsla

3.4.1. Áhrif COVID-19 á kennslu

Rétt rúmlega helmingur þátttakenda sagði að kennsla hafi verið hluti af þeirra starfi á haustmisseri 2020 (53%, n=370). Haustmisserið var annað misserið þar sem COVID-19 hafði afgerandi áhrif á kennslu. Þrátt fyrir að hluti þeirra sem kenndu á haustmisseri hafi líka kennt á vormisseri, sögðu 48% (n=151) að kennsla hefði dregið mjög mikið eða frekar mikið úr rannsóknarvinnu á móti 24% (n=75) sem sögðu að kennsla hefði ekki haft nein áhrif þar á.



Mynd 7. Áhrif COVID-19 á kennslu.

Hvaða áhrif hefur ástandið vegna COVID-19 haft á kennslu þína á haustmisseri 2020?

Töluverð breyting hefur átt sér stað varðandi staðkennslu frá vormisseri. Þvert á deildir sögðu að meðaltali um 80% svarenda að kennsla hafi farið alfarið fram á netinu á vormisseri, en það hlutfall er um 30% á haustmisseri eins og sjá má á mynd 7. Staðkennsla féll mest niður á MVS (30%, n=33) miðað við önnur svið og 56% (n=62) sögðu að öll kennsla hafi farið fram á netinu. Þátttakendur gátu líka nefnt annað sem COVID-19 hafði áhrif á varðandi kennslu í opinni spurningu. Þar nefndu flestir tímenn sem fór í að læra á Canvas og Inspira, að ekki var hægt að sinna staðkennslu vegna 2ja metra reglunnar og að öll umsýsla námskeiða var tímafrekari: „Tímenn sem fer í umsýslu námskeiða hefur margfaldast vegna rafrænna kennsluhátta. Það að læra á ný kennslukerfi hefur líka aukið álagið. Verkefni sem áður voru í höndum stoðþjónustu svo sem umsýsla prófa og yfirseta prófa hefur verið velt yfir á kennara með rafrænu prófahaldi.“


3.4.2. Rafrænar lausnir í kennslu og tækniástoð

Rúmlega helmingur svarenda sagðist nota sömu rafrænu lausnir á haustmisseri og áður (55%, n=201). Helstu breytingarnar sem urðu á rafrænni kennslu á haustmisseri fólust í að

námsumsjónarkerfið Canvas var tekið í notkun og margir fóru að nota Inspera prófakerfið. Stór hluti kennara hafði reynslu af rafrænni kennslu frá vormisseri og því reyndist það auðveldara að nota rafrænar lausnir á haustmisseri fyrir þann hóp. Staðkennsla fór í gang á nokkrum sviðum við HÍ í byrjun haustmisseris en var að mestu leyti hætt þegar sóttvarnareglur voru hertar seinna um haustið. Þá höfðu kennarar lengri tíma og reynslu til að undirbúa rafræna kennslu miðað við á vormisseri þegar breyta þurfti staðkennslu í fjarkennslu nánast yfir nótt.

Í opnu svari þar sem spurt var hvernig rafrænni kennslu var breytt miðað við vormisserið var margnefnt að lausnirnar væru fleiri, fleiri forrit í boði og kennarar óragari við að nota nýjar lausnir: „Hef notað mun fjölbreyttari verkfæri í fjarkennslu á haustönn, fyrir utan Canvas og zoom, hef ég notað m.a. padlet, icebreaker, flipgrid, verið með rafrænar nemendakynningar o.s.frv.“ Sumir voru að kenna stór námskeið í fyrsta skipti rafrænt á haustmisseri sem fól í sér nýjar áskoranir. Nokkuð var um það að kennarar hættu að taka upp fyrirlestra og fóru að flytja þá í lifandi streymi á Zoom. Þónokkrir töluðu um að nota Zoom í fyrsta skipti. Almenn ánægja var með Canvas hjá mörgum: „Thanks to the new platform Canvas I have been able to use Panopto, Teams and Zoom, and also assess by using Quizzes in Canvas“. En einnig var talað um að upptaka Canvas væri tímafrek og álagið sem fylgir því að læra á ný kerfi: „Inspira kerfið er allt þungt í vöfum og klunnalegt, og ég er mjög óánægð með það. Er eiginlega í taugaáfalli við að díla við þetta.“

Um 53% (n=187) sögðu að það hafi gengið mun betur eða aðeins betur að nota rafrænar lausnir á haustmisseri miðað við vormisseri og 45% (n=156) sögðu að það hafi gengið svipað og áður. Á vormisseri sögðust 16% (n=42) kennara hafa viljað fá meiri tæknilegan stuðning við kennslu og hækkaði það hlutfall í 20% (n=73) á haustmisseri, þó mest á FVS (úr 23% (n=10) í 42% (n=21)) eins og sjá má á mynd 8. Það má vera að þessi aukna þörf fyrir tækniástoð tengist innleiðingu Canvas. Þrátt fyrir það er um helmingur kennara (n=182) sem sagðist hafa fengið meiri stuðning með tæknimál á haustmisseri miðað við vormisseri og rúmlega 20% (n=84) þurftu ekki stuðning.




Mynd 8. Aðstoð við tæknimál.

Hefur þú fengið nægilegan stuðning við tæknimál sem tengjast kennslu á haustönn 2020?

3.4.3. Framtíðaráhrif breyttra kennsluhátta

Á vормisseri töldu um 50%-70% svarenda að breytingarnar sem gerðar voru á kennsluháttum í kjölfar COVID-19 faraldursins myndu hafa varanleg áhrif á kennslufyrirkomulag í framtíðinni og 10%-20% töldu það mjög ólíklegt. Á haustmísseri eru fleiri sem telja það mjög eða frekar líklegt (70%-80%) og 8%-14% telja það frekar eða mjög ólíklegt eins og sjá má á mynd 9. Mest hækkaði hlutfall þeirra sem telja að breytingarnar muni hafa varanleg áhrif á VoN (úr tæpum 50% í rúm 70%) og FVS (úr tæpum 60% í ~75%).



Mynd 9. Framtíðaráhrif COVID-19 á kennslu.

Hversu líklegt telur þú að breytingarnar sem þú hefur þurft að gera á þinni kennslu árið 2020 hafi varanleg áhrif á kennslufyrirkomulag þitt í framtíðinni?


3.4.4. Nýnemar

Spurt var sérstaklega um áhrif COVID-19 faraldursins á nýnema. Stórt hlutfall af þeim nemum sem hófu nám á haustmísseri 2020 komu úr framhaldsskóla og höfðu þegar kynnst áhrifum faraldursins á skólastarf á vormísseri 2020. Um 43% (n=159) þátttakenda sögðust hafa kennt námskeið sem nýnemar sækja og tæp 60% (n=89) þeirra sögðu að það hafi gengið mjög eða frekar vel að virkja nýnema til þátttöku í náminu. Einnig var spurt um hvort kennarar hafi tekið þátt í að skipuleggja viðburði fyrir nýnema á haustmísseri og svöruðu um 20% (n=31) því játandi. Slíkir viðburðir fólust meðal annars í hvatningarfundum fyrir nýnema, kynningum á námskeiðum og kennurum og nýnemakynningum.

3.5. Ráðstefnur

Covid-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á þátttöku í ráðstefnum árið 2020. Margar ráðstefnur féllu niður og hafði þar af leiðandi áhrif á söfnun rannsóknarstiga þar sem akademískt starfsfólk gat ekki verið með erindi eða birt greinar í tímaritum tengdum ráðstefnum. Á haustmísseri var meira um að ráðstefnur voru færðar á rafrænt form og því var spurt sérstaklega um þátttöku í rafrænum ráðstefnum. Um 60% svarenda (n=412) höfðu tekið þátt í rafrænum ráðstefnum og af þeim voru rúm 70% (n=293) sem sögðu að upplifun af þeim hafi verið mjög eða nokkuð góð

og 8% sem sögðu mjög eða nokkuð slæm (n=31). Spurt var hvers eðlis þátttaka í ráðstefnum hafði verið og 73% (n=293) þeirra sem höfðu farið á rafræna ráðstefnu sögðust hafa verið áhorfendur en 53% (n=213) með rafrænt erindi eins og sjá má á mynd 10. Að hafa kost á þátttöku í rafrænum ráðstefnum hefur því ekki haft eins mikil áhrif á söfnun rannsóknarstiga á haustmisseri.



Mynd 10. Þátttaka í ráðstefnum.

Hvers eðlis var þátttaka þín á ráðstefnunni/ráðstefnunum?

Svarendur fengu tækifæri á að tjá skoðun sína á rafrænum ráðstefnum í opnu svari sem 309 nýttu sér. Þar var nefnt að rafrænar ráðstefnur væru góður kostur á þessum tímum en kæmu ekki í stað ráðstefna í raunheimum þar sem tækifæri til tengslamyndunar og mannlegra samskipta glatast: „Góð lausn þegar ekki er hægt að hittast á staðnum. Rafrænar ráðstefnur koma ekki í staðinn fyrir venjulegar ráðstefnur en eru góð viðbót“, „Góðar í neyð en stór hluti ráðstefna er að hitta annað fólk, víkka tengslanet og upplifa. Rafrænt kemur aldrei í stað[inn] en getur verið í neyð eða viðbót.“

Fækkun kolefnisfótspora var nefnt sem dæmi um jákvæðar hliðar rafrænna ráðstefna sem og auðvelt aðgengi þar sem landfræðileg staðsetning hindrar ekki þátttöku:

Þær hafa bæði kosti og galla. Þær eru á ákveðinn hátt leið til að auka aðgengi bæði ólíkra hópa sem og almennings að ráðstefnum. En það


er líka skrítið að sitja heima, missa af samtölum og skrafi á milli málstofa og slíkt. Kosturinn við ástandið að nú vorum við þvinguð til að prófa þetta og getum nýtt þetta sem viðbótar kost til framtíðar, en ég hlakka til að hitta fólk í eigin persónu.

Góðar til að geta tekið þátt án ferðalaga en koma ekki í staðinn fyrir öll hlutverk staðráðstefnu, einkum skortir á tengslanetamyndun. Það er verðmætt að sumar ráðstefnur hafi lægra kolefnisspor en staðráðstefnur.

Það sem svarendum fannst helst neikvætt við rafrænar ráðstefnur fyrir utan skort á tengslamyndun og mannlegum samskiptum var til að mynda erfiðleikar við að halda einbeitingu, sérstaklega hjá þeim sem fengu ekki næði heima (t.d. vegna barna á heimilinu): „Erfiðara að halda einbeitingu heldur en á ráðstefnu í raunheimum. Maður er gjarnari á að vera að vinna að öðrum verkefnum meðfram því að vera á ráðstefnunni og þá eru meiri líkur á að erindin fari fram hjá manni.“ Flestir sáu þó bæði kosti og galla við rafrænar ráðstefnur og almennt taldi fólk þetta vera góðan valkost fyrir framtíðina sem búast má við að verði að veruleika.

3.6. Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum

Litlar breytingar voru á svörum varðandi viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum á haustmisseri og vormisseri. Á mynd 11 sést að langflestir (73%, n=503) upplifðu öryggi á sínum vinnustað og 84% (n=576) voru mjög eða frekar sammála því að gætt hafi verið að sóttvörnum á þeirra vinnustað sem er svipað hlutfall og á vormisseri. Um 61% (n=423) voru mjög eða frekar sammála því að yfirmaður hafi fundað reglulega með þeirra teymi en 27% (n=181) voru mjög eða frekar ósammála því. Lægra hlutfall svarenda var mjög eða frekar ósammála því að leiðbeiningar vegna skiptingar starfsaðstöðu í sóttbólfi hafi verið skýrar á haustmisseri (14%, n=98) en vormisseri (24%, n=148). Á vormisseri voru 76% (n=446) mjög eða frekar sammála því að hafa reglulega kynnt sér upplýsingar vegna COVID-19 á heimasíðu HÍ en það hlutfall lækkaði niður í 63% (n=370) á haustmisseri.




Mynd 11. Viðbrögð Háskóla Íslands við COVID-19 faraldrinum.

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?

3.7. Opin svör um nýjar áskoranir og athugasemdir

3.7.1. Nýjar áskoranir í starfi

Í lok könnunarinnar var spurt hvort svarendur hefðu þurft að takast á við nýjar áskoranir í starfi á haustmíssi samanborett við vormíssi og svöruðu 62% (n=425) því játandi. Í opnu svari gátu þátttakendur útskýrt í hverju þessar nýju áskoranir fólust og nýttu 294 svarendur sér það. Á mynd 12 eru dregnar saman niðurstöður svara og þar má sjá fimm megin þemu; kennsla, rafræn vinna, skipulag á vinnustað, sálrænir þættir og heimavinna. Rúmlega 82% (n=244) sögðu að rafræn kennsla hafi verið mesta áskorunin. Margir töluðu um samskipti við nemendur og að þeir væru óöruggir og kvíðnir og þyrftu aukinn sálrænan stuðning: „Það hefur borið meira á kvíða meðal nemenda en áður og ég hef veitt persónulegan stuðning og jafnvel stafræna öxl til að gráta á fyrir nemendur sem eru hálf-týndir í kerfinu.“



Mynd 12. Nýjar áskoranir í starfi.

Vinsamlega útskýrðu hvaða nýju áskoranir þú hefur þurft að takast á við.

Fjölmarginir nefndu að það hafi verið áskorun að læra á ný forrit sem notuð eru í kennslu, eins og Canvas og prófakerfið Inspira: „*Learning the new teaching platform Canvas – thoug this went fairly smoothly*“. Ennfremur kom fram:

Ég kem að prófahaldi; í vor voru allir í heimaprófi þannig að það létti mjög undir skipulag prófa. Nú eru bæði heimapróf og staðpróf og hafa þau síðarnefndu reynst mun snúnari í framkvæmd en í venjulegu árferði. Þar má t.d. nefna nemendur sem af ýmsum ástæðum eru flokkaðir í áhættuhópa, bæði vegna eigin stöðu eða annarra í nánun umhverfi, og þurftu þar af leiðandi að þreyta próf í fámennum aðstæðum. Þá hefur erill vegna óska um sérúrræði og erindi vegna kvíða náð nýjum hæðum.

Það var áskorun að læra á Canvas og breyta námsmati og kennslu í samræmi við þarfir netkennslu. Það var samt jákvæð reynsla heilt yfir að færa allt yfir á canvas og læra á það. Að virkja nemendur í umræður á teams, það gekk betur með 2. og 3 árs nema heldur en 1 árs nema.

Nokkrir töluðu um að það hafi verið erfiðara að virkja nýnema til þátttöku í náminu og þeir hafi þurft meiri aðstoð og hvatningu en áður.

Um 15% svarenda (n=44) nefndu rafræn samskipti og rafræna viðburði, en svarendur voru margir orðnir þreyttir á rafrænum fundum og rafrænum samskiptum við vinnufélaga. Þjónusta með rafræn mál var einnig nefnd og aukin þörf fyrir tæknilegar, rafrænar lausnir. Um 11% (n=33) nefndu þætti tengda skipulagi vinnustaðar, eins og ný verkefni eða ný hlutverk, endurskipulag vegna sóttvarna: „*Að missa vinnuaðstöðuna vegna (a) aukinna sóttvarna, og (b) almenns plássleysis við HÍ hefur valdið seinkunum og almennu óöryggi í minni vinnu og að skipulag verkefna væri erfiðari þar sem meira bar á fjarvera starfsmanna (vegna heimavinnu).*“

Síðustu tvö þemun tengdust sálrænum þáttum (16%, n=33) og heimavinnu (6%, n=17 svarenda). Álag og félagsleg einangrun voru nefnd og vinnuálag virðist hafa verið mjög mikið á haustmisseri: „*Andlegt álag mun meira en áður*“ og „*Það er þreyta og álag bæði í nærumhverfi og ytra samfélagi að vera svo lengi í áfallaham út af veirunni og það bitnar með fjölbreytilegum hætti á nemendum, samstarfsfólki, vinum, ættingjum, manni sjálfum, o.s.frv. (ekki bara hjá kennurum) Fólk var orðið þreytt á takmörkuðum samskiptum við vinnufélaga í raunheimum.*“ Líkt og á vormisseri var það nefnt að erfitt hafi verið að gera skil á milli einkalífs og vinnu: „*Bara að vera orðin þreytt á að vera alltaf heima og aðskilja heimili og störf*“ og umönnun barna samhliða vinnu er enn áskorun: „*Covid gerir allt erfiðara. Vinna heima með barn. Skertur opnunartími skóla = skertur vinnutími sem þarf að vinna upp um helgar.*“

3.7.2. Frekari athugasemdir frá þátttakendum

Í töflu 1 má sjá þætti sem oftast voru nefndir í svari við spurningunni: *Vilt þú koma á framfæri frekari athugasemdum*, en 131 þátttakandi svaraði spurningunni. Um 13% (n=17) svara tengdust kennslu og álaginu sem henni fylgdi á haustmisseri og 9% (n=12) vildu koma því á framfæri að þeir vildu sjá einhvers konar umbun fyrir aukið álag í starfi, hvort sem það væri fjárhagsleg umbun, afsláttur á rannsóknarstigum, minnka kennsluskyldu eða bara hrós:

Mér þætti vænt um ef við fengjum meira en hrós frá rektorsskrifstofu. Ef okkur yrði umbunað á einhvern hátt fyrir þessi gríðarlegu vinnuafköst sem við höfum þurft að standa undir, á sama tíma og við erum félagslega einangruð og jafnvel að glíma við persónulega erfiðleika, þá væri það kærkomið“ og annar sagði „Mér finnst súrt að Háskólinn skuli ekki umbuna starfsfólki fyrir stóraukið álag.

Tafla 1. Athugasemdir frá þátttakendum.

Flokkur	Fjöldi
Álag á kennara (læra á ný forrit/kerfi og kenna nemendum á þau, rafræn samskipti o.fl.)	17
Umbun (fjárhagslega, rannsóknarstig/aflistig, minnka kennsluskyldu, hrós)	12
Meiri stuðningur með tækjabúnað fyrir heimavinnu/kennslu	8
Heimavinna valkostur	6
Þakklæti	6
Kennslufyrirkomulag bæði rafrænt og staðkennsla góður framtíðarkostur	5
Skýrari reglur varðandi sóttvarnir	5

Heimavinna var oft nefnd sem góður valkostur sem eykur sveigjanleika í starfi og sem tímasparnaður: „Ég vona að starfsfólki verði gefið tækifæri til að velja heimavinnu í auknum mæli eftir að faraldrinum lýkur, til dæmis til að koma betur til móts við samþættingu við það að sinna fjölskyldu, minnka tíma í umferð og auka sveigjanleika“. Ennfremur bar á góma skortur á stuðningi með búnað fyrir heimavinnu: „Ég hef sjálf þurft að fjárfesta í búnaði til að geta kennt með góðu móti að heiman og unnið við rannsóknir.“

Þátttakendur notuðu einnig tækifærið til að koma áfram þökkum og jákvæðum skilaboðum: „Mér finnst Heilbrigðisvísindasvið og skólinn almennt vera standa sig mjög vel á þessum erfiðu og skrýtnu tímum.“ Einn þátttakandi sá margar jákvæðar hliðar á þessum tíma:

Yfirstjórn hefur staðið sig vel í þessum erfiðum tímum og miklu breytingum á starfsemi háskólans. Margt gott hefur líka komið út úr þessum erfiðu tímum m.a. mikilvægi þess að vinna með góðu samstarfsfólki og hitta það og síðan kostir fjarfunda og heimavinnu sem getur aukið sveigjanleika og minnkað álag á starfsfólki. Verðum að finna jafnvægið á þessu.

4. Samantekt

Heimavinna og álag

Áhrif COVID-19 faraldursins á störf og vinnuaðstæður starfsfólks Háskóla Íslands á haustmisseri voru víðtæk. Áhrifin voru þó minni á barnafólk á haustmisseri miðað við vormisseri þar sem leikskólar og skólar voru mun meira opnir. Sá munur sem sást á barnafólki og barnlausum á vormisseri var ekki lengur til staðar á haustmisseri. Kynjamunur var lítill hvað heimavinnuna varðaði, en þó var hærra hlutfall kvenna (27%) en karla (15%) sem sagði að barna- og unglingum höfðu áhrif á rannsóknarstörf.

Lægra hlutfall starfsfólks vann alfarið eða að mestu heima (55%) á haustmisseri miðað við vormisserið (90%). Heimavinnan þótti góður valkostur og kusu margir að vinna heima þrátt fyrir að geta mætt á vinnustað, en helstu ástæður fyrir heimavinnu voru skipulag á vinnustað, smithætta, tímasparnaður (við ferðir til og frá vinnu) og næði heima fyrir. Um 90% akademísku starfsfólks og 80% starfsfólks í stjórnsýslu sögðust ekki hafa fengið aukinn stuðning með búnað fyrir heimavinnu á haustmisseri. Þrátt fyrir að margir hafi talað um þreytu gagnvart rafrænum samskiptum við vinnufélaga í opnum svörum, þá sögðu um 36% þátttakenda að þau hafi gengið betur á haustmisseri en vormisseri. Um 45% svarenda sögðu að álag hafi aukist á haustmisseri, og var það hlutfall hærra hjá akademísku starfsfólki (51%) en hjá starfsfólki í stjórnsýslu (33%).

Rannsóknir og rafrænar ráðstefnur

Áhrif COVID-19 á rannsóknir voru svipuð á haust- og vormisseri. Mest hafði faraldurinn áhrif á miðlun rannsókna (65%), seinkun rannsókna (65%) og alþjóðlegt samstarf (55%). Um 4%-15% (mismunandi eftir sviðum) sögðust hafa fengið aukið rými til rannsókna.

Meirihluti þátttakenda (60%) hafði tekið þátt í rafrænum ráðstefnum og 72% sögðu að upplifun af þeim hafi verið góð eða nokkuð góð. Í opnu svari þar sem þátttakendur gátu tjáð skoðun sína á rafrænum ráðstefnum kom í ljós almenn ánægja með þær á þessum tímum þegar annað er ekki í boði, en flestir vildu ekki að þær kæmu í staðinn fyrir ráðstefnur í raunheimum þar sem mikilvæg tækifæri til tengslamyndunar og samskipta glatast á rafrænum ráðstefnum.

Kennsla

Á vormisseri svöruðu 80% því játandi að kennsla hafi alfarið farið fram á netinu en það hlutfall var mun lægra á haustmisseri, eða 30%. Fjarkennsla var algengust á Menntavísindasviði (56%). Á haustmisseri voru mun fleiri sem töldu að þær breytingar sem þurfti að gera á kennslu í kjölfar faraldursins myndu hafa varanleg áhrif á kennslu í framtíðinni (71%) miðað við vormisseri (57%). Að meðaltali yfir öll svið HÍ sögðust 20% svarenda hafa viljað fá meiri

tæknilegan stuðning við kennslu, en mest á Félagsvísindasviði (42%). Tæp 60% svarenda sögðu að það hafi gengið vel eða nokkuð vel að virkja nýnema til þátttöku í náminu á haustmíssi. Í opnum svörum kom sterkt í ljós að kennarar voru undir gríðarlega miklu álagi. Þeir töluðu um álag og áskoranir í tengslum við að læra á ný forrit sem notuð eru í kennslu, sérstaklega voru Canvas og Inspira nefnd. Margir töluðu um ýmsa vankanta við prófafyrirkomulag, erfitt að koma í veg fyrir svindl í heimaprófum og að margir nemendur hafi verið ósáttir við staðpróf. Margir nefndu andlegt álag hjá nemendum og að samskipti við þá hafi verið meira krefjandi og að þeir hafi þurft mikinn andlegan stuðning.

Viðbrögð HÍ við faraldrinum

Lítill breyting var á haust- og vormíssi varðandi upplifun svarenda af viðbrögðum HÍ við faraldrinum. Flestir upplifðu öryggi á vinnustað (80%) og að vel hafi verið gætt að sóttvörnum, alveg eins og á vormíssi. Lægra hlutfall þátttakenda (63%) kynnti sér upplýsingar vegna COVID-19 á heimasíðu HÍ en á vormíssi (86%).

5. Heimildaskrá

Ellen Dröfn Gunnarsdóttir og Kristín Harðardóttir. (2020). *Áhrif COVID-19 á störf og vinnuaðstæður hjá starfsfólki Háskóla Íslands: Niðurstöður spurningakönnunar til starfsfólks Háskóla Íslands á vormíssi 2020*. Sótt af: <https://menntavísindastofnun.hi.is/media/skra/skyrsla-samantekt-med-nidurstodum>

